

REGLUGERÐ

um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs.

I. KAFLI

Tilgangur, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið.

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að umbúðir og umbúðaúrgangur hafi sem minnst skaðleg áhrif á umhverfið. Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að koma í veg fyrir myndun umbúðaúrgangs, minnka heildarrúmmál umbúða, stuðla að endurnotkun umbúða, auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu umbúðaúrgangs og draga úr magni umbúðaúrgangs sem er fargað, til að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til allra umbúða sem settar hafa verið á markað og alls umbúðaúrgangs, hvort sem hann er notaður í eða kemur frá iðnaði og annarri vöruframleiðslu, skrifstofum, verslunum, þjónustufyrirtækjum, heimilum eða annars staðar frá, án tillits til þess úr hvaða efni umbúðirnar eru, nema sérlög eigi við.

Reglugerð þessi er sett með fyrirvara um gildandi gæðakröfur fyrir umbúðir, svo sem þær sem varða öryggi, hollustu og heilnæmi vöru í umbúðum, með fyrirvara um gildandi flutningskröfur og með fyrirvara um kröfur vegna spilliefnaförgunar.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Umbúðir: allar vörur sem framleiddar eru, úr hvaða efni sem er og af hvaða gerð sem er, til að halda utan um vöru, vernda hana, meðhöndla, flytja, afhenda og kynna hana, hvort sem um er að ræða hráefni eða fullunna vöru, á öllum stigum frá framleiðanda til endanlegs notanda. Einnota hlutir sem eru notaðir í sama tilgangi skulu einnig teljast til umbúða. Undir umbúðir falla aðeins:

a) söluumbúðir eða grunnumbúðir (fyrsta stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær söluveitingu fyrir endanlegan notanda eða neytanda;

b) safnumbúðir (annars stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær safn tiltekins fjölda söluveininga, hvort sem þær eru seldar sem slíkar til endanlegs notanda eða neytanda eða aðeins notaðar við geymslu í hillum á sölustað. Hægt er að fjarlægja vöruna úr þeim án þess að það hafi áhrif á eiginleika hennar;

c) flutningsumbúðir (þriðja stigs umbúðir), þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að þær auðvelda meðferð og flutning tiltekins fjölda söluveininga eða safnumbúða til að koma í veg fyrir tjón á vörunni við meðferð hennar og flutning. Gámar til vöruflutninga á landleiðum, með skipum og flugvélum eru ekki taldir til flutningsumbúða.

Skilgreiningin á umbúðum skal byggð á eftirfarandi viðmiðunum. Hlutirnir sem eru skráðir í IV. viðauka eru dæmi til skýringar á notkun þessara viðmiðana.

i. Hlutir skulu teljast til umbúða ef þeir standast framangreinda skilgreiningu með fyrirvara um annars konar hlutverk sem umbúðirnar geta gegnt, nema hluturinn sé óaðskiljanlegur hluti framleiðsluvörunnar og sé nauðsynlegur til að geyma, styðja eða varðveita vöruna á endingartíma hennar og allir þættir séu ætlaðir til notkunar, neyslu eða förgunar á sama tíma.

ii. Hlutir, sem eru hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu, og einnota hlutir, sem eru seldir, fylltir eða hannaðir og ætlaðir til áfyllingar við sölu, skulu teljast til umbúða að því tilskildu að þeir þjóni hlutverki umbúða.

iii. Efnisþættir umbúða og viðbótarþættir sem eru felldir inn í umbúðir teljast vera hluti af þeim.

Umbúðaúrgangur: hvers kyns umbúðir eða umbúðaefni sem handhafi ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við.

Burðarpoki úr plasti: poki, með eða án halda, gerður úr plasti, sem afhentur er neytanda á sölustað vara.

Burðarpoki úr plasti sem er niðurbrotanlegur með oxun: plastburðarpoki úr plastefni sem í eru aukefni sem eru hvatar að niðurbroti plastefnisins í örnir.

Endurnotkun: hvers kyns aðgerð þar sem vörur eða íhlutir, sem ekki eru úrgangur, eru notuð í sama tilgangi og þau voru ætluð til í upphafi.

Endurnýting: aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns þar eð hann kemur í stað annars efniviðar sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu. Endurnýting skiptist annars vegar í efnisendurnýtingu, þar á meðal undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu og fyllingu, og hins vegar í orkuendurnýtingu, þar á meðal uppvinnslu sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti.

Endurvinnsla: hvers kyns endurnýtingaraðgerð sem felst í því að endurvinna úrgangsefni í vörur, efnivið eða efni, hvort sem er til notkunar í upphaflegum tilgangi eða í öðrum tilgangi. Undir þetta fellur uppvinnsla á lífrænum efniviði, en ekki orkuvinnsla og uppvinnsla sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti eða til fyllingar.

Endurnotalegar umbúðir: umbúðir sem eru ætlaðar, hannaðar og settar á markað til að vera notaðar margsinis á vistferli sínum og vera í hringrás með því að vera áfylltar eða endurnotaðar í sama tilgangi og þær voru upphaflega ætlaðar til.

Förgun: hvers kyns aðgerð sem er ekki endurnýting, jafnvel þótt aðgerðin hafi að auki í för með sér endurheimt efna eða orku.

Upplýsingaskyldir aðilar: í tengslum við umbúðir er um að ræða birgja umbúðafna, þá sem framleiða umbúðir eða vinna úr þeim, þá sem fylla á umbúðir og nota þær, þá sem flytja þær inn, versla með þær eða dreifa þeim, opinberar stofnanir og ýmis samtök er málið varðar.

Samsettar umbúðir: umbúðir sem gerðar eru úr tveim eða fleiri lögum af mismunandi efnum, sem ekki er hægt að aðskilja með handafli og mynda eina samfellda heild sem samanstendur af innra íláti og ytra byrði, sem eru fylltar, geymdar, fluttar og tæmdar sem slíkar.

Sérstök söfnun: söfnun þar sem úrgangsflokkum er haldið aðskildum eftir tegund og eðli til að auðvelda tiltekna meðhöndlun, svo sem undirbúning fyrir endurnotkun eða endurvinnslu.

Söfnun: það að safna úrgangi saman, þ.m.t. forflokun og bráðabirgðageymsla úrgangs fyrir flutning á móttökustöð.

Notkun af ásettu ráði: þegar efni er notað af ásettu ráði í umbúðir eða hluta umbúða í því skyni að búa til lokaafurð með tiltekna eiginleika, útlit eða af tilteknum gæðum. Það telst ekki notkun af ásettu ráði þegar endurunnin efni, sem innihalda ef til vill að hluta þá málma sem tilgreindir eru í 6. gr. reglugerðar þessarar, eru hráefni í framleiðslu nýrra umbúða.

Plast: fjölíða, sbr. reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem íblöndunarefnum eða öðrum efnum kann að hafa verið bætt við og sem getur gegnt hlutverki aðalbyggingarefnis burðarpoka.

Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi úrgangs ákveður að losa sig við, ætlar að losa sig við eða er gert að losa sig við.

Úrgangsforvarnir: ráðstafanir sem gerðar eru áður en efni, efniviður eða vara er orðin að úrgangi og draga úr:

- i. magni úrgangs, þ.m.t. með endurnotkun vara eða framlengingu á notkunartíma vara,
- ii. neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna vegna úrgangs semhefur myndast, eða
- iii. innihaldi skaðlegra efna.

Meðhöndlun úrgangs: söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim hefur verið lokað.

II. KAFLI Um umbúðir.

4. gr.

Grunnkröfur.

Eftir 1. júlí 1999 má aðeins setja á markað umbúðir sem eru í samræmi við allar kröfur sem kveðið er á um í reglugerð þessari, þ.m.t. grunnkröfur í I. viðauka þessarar reglugerðar um samsetningu umbúða og möguleika á endurnotkun og endurnýtingu þeirra.

5. gr.

Auðkenningarkerfi

Til að greiða fyrir söfnun, endurnotkun og endurnýtingu umbúða og umbúðaúrgangs, þar með talið endurvinnslu, er heimilt að tilgreina úr hverju umbúðaefnið/-efninu eru gerð til að hægt sé að greina þau og flokka. Skulu merkingar þá vera í samræmi við auðkenningarkerfi í viðauka II.

Ef notað er auðkenningarkerfi umbúða, sbr. viðauka II, skal auðkenna plast með tölunum 1-19, 20-39 fyrir pappír og pappa, 40-49 fyrir málma, 50-59 fyrir við, 60-69 fyrir textílefni, 70-79 fyrir gler og 80-99 fyrir samsett efni. Í auðkenningarkerfinu má einnig nota viðurkenndar skammstafanir fyrir viðeigandi efni innan hvers flokks fyrir sig og aðeins skal nota hástafi í þeim tilvikum. Umbúðirnar skulu merktar á viðeigandi hátt, annaðhvort á umbúðirnar sjálfar eða á merkimiða sem á þær er festur. Merkingarnar skulu vera auglýsilegar og auðlæsilegar. Merkingarnar á umbúðunum skulu vera endingargóðar og greinilegar eftir að umbúðirnar eru opnaðar.

III. KAFLI

Markmið.

6. gr.

Styrkur þungmálma í umbúðum.

Samanlagður heildarstyrkur blýs, kadmíums, kvikasilfurs og sexgilds króms í umbúðum skal ekki fara yfir 100 ppm miðað við þyngd. Einungis er heimilt að fara yfir styrkleikamörkin fyrir umbúðaefni ef endurunnum efnum hafi verið bætt í.

Óheimilt er að nota af ásettu ráði blý, kadmíum, kvikasilfur eða sexgilt króm við framleiðslu umbúða.

Styrkur sem um getur í 1. mgr. skal ekki gilda um umbúðir sem eru eingöngu úr blýkristallsgleri samanber reglur um samsetningu, framleiðslueiginleika og merkingu á kristallsgleri.

Ef meðalstyrkur þungmálma fer tólf mánuði í röð yfir styrkleikamörkin 200 ppm miðað við þyngd þegar tekin eru mánaðarleg sýni úr framleiðslunni úr hverjum glerofni og framleiðslan er dæmigerð fyrir eðlilega og reglulega framleiðslustarfsemi, skal framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans taka sama og senda skýrslu til Umhverfis- og orkustofnunar þegar vara er framleidd hér á landi eða markaðssett hér á landi í fyrsta sinn á Evrópska efnahagssvæðinu. Í skýrslunni skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- | | |
|----|---|
| a. | Mæligildi. |
| b. | Lýsing á mæliaðferðunum sem notaðar voru. |
| c. | Hver sé líklegur uppruni þeirra þungmálma sem mælist í þessum styrk. |
| d. | Lýsing á ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að draga úr styrk þungmálma. |

Ef hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans hafa fast aðsetur á Evrópska efnahagssvæðinu skal innflytjandi sem markaðssettur vörna hér á landi sbr. 4. mgr. taka saman og senda skýrslu skv. 4. gr. til Umhverfis- og orkustofnunar ef varan er markaðssett hér á landi í fyrsta sinn á Evrópska efnahagssvæðinu.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að óska eftir upplýsingum um mæliniðurstöður frá framleiðslustöðum og um þær mæliaðferðir sem notaðar eru þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr.

6. gr. a

Gerð og samsetning einnota plastflaskna fyrir drykkjarvörur.

Frá 1. janúar 2026 skulu einnota plastflöskur fyrir drykkjarvörur að rúmmáli allt að þremur lítrum sem eru framleiddar að stærstum hluta úr pólýetýlenterépalati (PET), þ.m.t. tappar þeirra og lok, sem settar eru á markað hér á landi innihalda að lágmarki 25% af endurunnu plasti miðað við þyngd.

Frá 1. janúar 2030 skulu allar einnota plastflöskur fyrir drykkjarvörur að rúmmáli allt að þremur lítrum, þ.m.t. tappar þeirra og lok, sem settar eru á markað hér á landi innihalda að lágmarki 30% af endurunnu plasti miðað við þyngd.

Framleiðanda og innflytjanda er heimilt að uppfylla ákvæði 1. og 2. mgr. annað hvort með því að hver einnota plastflaska innihaldi a.m.k. tilgreint hlutfall af endurunnu plasti eða með því að vegið meðaltal af hlutfalli endurunns plastics í öllum slíkum flöskum sem framleiðandi eða innflytjandi setti á markað hér á landi á einu almanaksári sé a.m.k. jafnt tilgreindu hlutfalli. Ákvæði 1. og 2. mgr. taka ekki til flaskna úr gleri eða málmum sem eru með tappa eða lok úr plasti eða til einnota flaskna sem eru ætlaðar fyrir og notaðar undir matvæli í vökvaformi í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi skv. g-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 609/2013, sbr. reglugerð um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis.

Framleiðendur og innflytjendur einnota plastflaskna sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. skulu skila upplýsingum um að þeir uppfylli ákvæði 1. og 2. mgr. svo sem upplýsingum um þyngd plastics í einnota plastflöskum sem settar eru á markað og þyngd endurunns plastics í sömu flöskum til Umhverfis- og orkustofnunar fyrir 1. maí ár hvert, fyrir undangengið ár.

7. gr.

Minnkun umbúðaúrgangs og endurnotkun umbúða.

Setja skal upp áætlun um hvernig komið verður í veg fyrir myndun umbúðarúrgangs og hvernig umbúðir verði endurnotaðar. Við gerð þessarar áætlunar skal meðal annars taka mið af kröfum um verndun umhverfis og um hreinlæti, um heilbrigði og öryggi neytenda, um verndun gæða, ósvikni og tæknilega eiginleika þeirra pökkuðu vara og hráefna sem notuð eru, svo og verndun hugverkaréttar á sviði iðnaðar og viðskipta.

7. gr. a

Markmið um notkun burðarpoka úr plasti.

Stefnt skal að því að eigi síðar en 31. desember 2019 verði árlegur fjöldi burðarpoka úr plasti sem hver einstaklingur notar 90 eða færri og 40 eða færri eigi síðar en 31. desember 2025.

8. gr.

Endurnýting og endurvinnsla umbúðaúrgangs.

Frá 1. júlí 2001 skal minnst 50% og mest 65% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu.

Innan þeirra marka og á sama tíma, og um getur í 1. mgr., skal minnst 25% og mest 45% af þyngd allra umbúðafna í umbúðaúrgangi endurunnið, þar af minnst 15% af þyngd allra umbúðafna í umbúðaúrgangi fyrir hverja tegund umbúðafnis.

Eftir 31. desember 2011 skal minnst 60% af þyngd umbúðaúrgangs endurnýtt eða brennt í sorpbrennslustöð með orkuvinnslu.

Innan þeirra marka og á sama tíma og um getur í 3. mgr., skal að lágmarki ná eftirfarandi markmiðum í endurvinnslu einstakra umbúðafna í umbúðaúrgangi fyrir hverja tegund umbúðafnis;

- | | |
|----|---|
| a. | 60% af þyngd fyrir gler |
| b. | 60% af þyngd fyrir pappír og papp |
| c. | 50% af þyngd fyrir málma |
| d. | 22,5% af þyngd fyrir plast, þar sem eingöngu er tekið mið af plasti sem er endurunnið aftur í plast |
| e. | 15% af þyngd fyrir timbur. |

Eigi síðar en 31. desember 2025 skulu að lágmarki 65% alls umbúðaúrgangs, miðað við þyngd, endurunnin.

Eigi síðar en 31. desember 2025 skal ná eftirfarandi lágmarksviðmiðum, miðað við þyngd, um endurvinnslu á eftirtöldum efnum í umbúðaúrgangi:

- | | |
|------|-------------------------|
| i) | 50% af plasti, |
| ii) | 25% af viði, |
| iii) | 70% af járnrikum málum, |
| iv) | 50% af áli, |
| v) | 70% af gleri, |

Eigi síðar en 31. desember 2030 skulu að lágmarki 70% alls umbúðaúrgangs, miðað við þyngd, endurunnin.

Eigi síðar en 31. desember 2030 skal ná eftirfarandi lágmarksviðmiðum, miðað við þyngd, um endurvinnslu á eftirtöldum efnum í umbúðaúrgangi:

i)	55% af plasti,
ii)	30% af viði,
iii)	80% af járnrikum málum,
iv)	60% af áli,
v)	75% af gleri,
vi)	85% af pappír og pappa.

9. gr.

Söfnun á einnota plastflöskum fyrir drykkjarvörur.

Eigi síðar en 31. desember 2025 skal söfnun til endurnýtingar á einnota flöskum úr plasti fyrir drykkjarvörur að rúmmáli allt að þremur lítrum, þ.m.t. tappar þeirra og lok, vera að lágmarki 77%, miðað við þyngd, af slíkum umbúðum sem settar eru á markað hér á landi á hverju ári.

Eigi síðar en 31. desember 2025 skal söfnun til endurnýtingar á einnota flöskum úr plasti fyrir drykkjarvörur að rúmmáli allt að þremur lítrum, þ.m.t. tappar þeirra og lok, sem eru skilagjaldsskyldar skv. lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur vera að lágmarki 90%, miðað við þyngd, af slíkum umbúðum sem settar eru á markað hér á landi á hverju ári.

Eigi síðar en 31. desember 2029 skal söfnun til endurnýtingar á einnota flöskum úr plasti fyrir drykkjarvörur að rúmmáli allt að þremur lítrum, þ.m.t. tappar þeirra og lok, vera að lágmarki 90%, miðað við þyngd, af slíkum umbúðum sem settar eru á markað hér á landi á hverju ári.

Markmið þessi eiga ekki við um einnota flöskur úr plasti sem eru ætlaðar fyrir og notaðar undir matvæli í vökvaformi í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi skv. g-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 609/2013, sbr. reglugerð um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis.

IV. KAFLI

Um upplýsingar.

10. gr.

Upplýsingakerfi.

Umhverfis- og orkustofnun, eða aðili sem stofnunin semur við, skal koma upp og varðveita gagnagrunn um umbúðir og umbúðaúrgang. Allir upplýsingaskyldir aðilar sem málið varðar skulu veita Umhverfis- og orkustofnun, eða aðila sem stofnunin hefur samið við, áreiðanleg gögn um atvinnugrein sína.

Tillit skal taka til þeirra sérvandamála sem fylgja því fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki að útvega ítarleg gögn.

11. gr.

Upplýsingar fyrir notendur umbúða.

Eigi síðar en 1. júlí 1998 skal Umhverfis- og orkustofnun veita notendum umbúða, en þar er einkum átt við neytendur, nauðsynlegar upplýsingar um þau skilagjalds-, söfnunar- og endurnýtingarkerfi sem þeir hafa aðgang að, um hvaða þátt þeir geti átt í því að stuðla að endurnotkun, endurnýtingu og endurvinnslu umbúða og umbúðaúrgangs, um hvað felst í þeim umbúðamerkingum sem eru á markaðinum og loks um þá þætti í áætlunum um meðhöndlun umbúða og umbúðaúrgangs sem koma neytendum við.

V. KAFLI

Eftirlit og brot.

12. gr.

Eftirlit.

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

13. gr.

Viðurlög.

Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum.

VI. KAFLI

Gildistaka o.fl.

14. gr.

Undanþágur.

Kröfur varðandi framleiðslu umbúða skulu ekki í neinu tilfelli gilda um umbúðir sem notaðar eru fyrir tiltekna vöru fyrir 1. janúar 1995.

Til 31. desember 1999 skal leyfa notkun umbúða sem eru framleiddar fyrir 1. janúar 1995 og eru í samræmi við önnur lög og reglugerðir varðandi umbúðir.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og í samræmi við 7. tölulið XVII. kafla í II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun 94/62/EB, um umbúðir og umbúðaúrgang).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

VIÐAUKI I

I. VIÐAUKI

Grunnkröfur um samsetningu umbúða og möguleika á endurnotkun og endurnýtingu þeirra þar með talinni endurvinnslu.**1. Sérstakar kröfur varðandi framleiðslu og samsetningu umbúða.**

Umbúðir skal framleiða þannig að rúmmáli og þyngd umbúðanna sé haldið í því lágmarki sem nægir til að viðhalda því öryggis-, hollustu- og viðurkenningarstigi sem er nauðsynlegt fyrir umbúðavöruna og gagnvart neytendum.

Umbúðir skal hanna, framleiða og markaðssetja þannig að unnt sé að endurnota þær og endurnýta, þar með talið endurvinnna, og halda áhrifum þeirra á umhverfið í lágmarki þegar umbúðaúrgangi eða leifum frá meðhöndlun umbúðaúrgangs er fargað.

Umbúðir skal framleiða þannig að skaðleg efni og önnur hættuleg efni og grunnefni í umbúðunum eða efnisþáttum þeirra séu í lágmarki í útgeislun, ösku eða sigvatni þegar brenna eða urða á umbúðir eða leifar eftir meðhöndlun umbúðaúrgangs.

2. Sérstakar kröfur varðandi möguleika á endurnotkun umbúða.

Eftirfarandi kröfum skal fullnægt samtímis:

efnislegir eiginleikar umbúðanna skulu vera þannig að unnt sé að endurnota umbúðirnar nokkrum sinnum við eðlilegar, fyrirsjáanlegar aðstæður,

mögulegt skal vera að meðhöndla notaðar umbúðir þannig að kröfum um heilsu og öryggi vinnuafls sé fullnægt,

umbúðir skulu fullnægja kröfum um möguleika á endurnýtingu þegar umbúðirnar eru ekki lengur endurnotaðar og teljast því úrgangur.

3. Sérstakar kröfur varðandi möguleika á endurnýtingu umbúða.

a) Endurnýting með endurvinnslu efna.

Umbúðir skal framleiða þannig að unnt sé að endurvinnna ákveðið hlutfall af þyngd efnanna sem eru notuð og gera úr þeim markaðshæfa vöru í samræmi við gildandi staðla bandalagsins. Hlutfallið getur verið mismunandi eftir því úr hvaða efni umbúðirnar eru.

b) Endurnýting með orkuvinnslu.

Umbúðaúrgangur sem er unninn til orkuvinnslu skal hafa lágmarksbrennsluvarma til að ná hámarkshagkvæmni í vinnslu orkunnar.

c) Endurnýting með myltingu.

Umbúðaúrgangur sem er unninn í því skyni að mylta hann skal geta brotnað niður lífrænt að því marki að það hindri ekki sérstaka söfnun og myltingarvinnslu úrgangsins eða moltnun hans.

d) Umbúðir sem geta brotnað lífrænt niður.

Umbúðaúrgangur sem getur brotnað lífrænt niður skal vera unnt að mylta með eðlisfræðilegum, efnafræðilegum eða lífrænum aðferðum þannig að stærstur hluti moltunnar brotni að lokum niður í koldíoxíð, lífmassa og vatn.

VIÐAUKI II

Auðkenningarkerfi.

Auðkenna skal plast með tölunum 1-19, 20-39 fyrir pappír og pappa, 40-49 fyrir málma, 50-59 fyrir við, 60-69 fyrir textílefni, 70-79 fyrir gler og 80-99 fyrir samsett efni. Í auðkenningarkerfinu má einnig nota viðurkenndar skammstafanir fyrir viðeigandi efni innan hvers flokks fyrir sig.

VIÐAUKI III

III. VIÐAUKI

Gagnagrunnur fyrir umbúðir og umbúðaúrgang.

Í gagnagrunnum um umbúðir og umbúðaúrgang skulu vera eftirfarandi gögn í samræmi við töflur 1 til 4.

1. Að því er varðar grunnumbúðir, annars stigs umbúðir og þriðja stigs umbúðir:

a) magn umbúða sem er notað í landinu, flokkað eftir helstu efnum (framleiðsla + innflutningur - útflutningur) (tafla 1);

b) endurnotað magn (tafla 2).

2. Að því er varðar umbúðaúrgang frá heimilum og öðrum:

- a) magn umbúða sem er endurnýtt og fargað í landinu, flokkað eftir helstu efnum (framleiðsla + innflutningur - útflutningur) (tafla 3);
- b) magn endurunnins og magn endurnýttts úrgangs, flokkað eftir helstu efnum(tafla 4).

TAFLA 1

Magn umbúða (grunn-, annars stigs og þriðja stigs umbúða) sem notað er.

	Framleitt magn í tonnum	- Útflutt magn í tonnum	+ Innflutt magn í tonnum	= Samtals
Gler				
Plas				
Pappír/pappi (þ.m.t. samsetningar)				
Málmur				
Viður				
Annað				
Samtals				

TAFLA 2

Magn umbúða (grunn-, annars stigs og þriðja stigs umbúða) sem notað er.

	Magn notaðra umbúða í tonnum	<u>Endurnotaðar umbúðir</u> Tonn Hlutfall
--	------------------------------	--

Gler

Plas

Pappír/pappi (þ.m.t. samsetningar)

Málmur

Viður

Annað

Samtals

TAFLA 3

Magn umbúðaúrgangs sem er endurnýtt eða fargað.

Framleitt magn úrgangs í tonnum	- Útflutt magn úrgangs í tonnum	+ Innflutt magn úrgangs í tonnum	= Samtals
---------------------------------	---------------------------------	----------------------------------	-----------

Úrgangur frá heimilum

Glerumbúðir

Plastumbúðir

Pappírs-/pappaumbúðir

Samsettar pappaumbúðir

Málmumbúðir

Viðarumbúðir

Heildarúrgangur frá heimilum

Úrgangur frá öðrum en heimilum

Glerumbúðir

Plastumbúðir

Pappírs-/pappaumbúðir

Samsettar pappaumbúðir

Málmumbúðir

Viðarumbúðir

Heildarúrgangur frá öðrum en heimilum

TAFLA 4

Magn umbúðaúrgangs sem er endurunnið eða endurnýtt.

	Heildarmagn sem er endurnýtt eða fargað í tonnum	Endurunnið magn Tonn Hlutfall	Endurnýtt magn Tonn Hlutfall
Úrgangur frá heimilum			
Glerumbúðir			
Plastumbúðir			
Pappírs-/pappaumbúðir			
Samsettar pappaumbúðir			
Málmumbúðir			
Viðarumbúðir			
Heildarúrgangur frá heimilum			
Úrgangur frá öðrum en heimilum			
Glerumbúðir			
Plastumbúðir			
Pappírs-/pappaumbúðir			
Samsettar pappaumbúðir			
Málmumbúðir			
Viðarumbúðir			
Heildarúrgangur frá öðrum en heimilum			

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.